

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 306/2015

2017/EES/64/12

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 251/2014 fellir niður reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 ⁽²⁾ og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 9a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 716/2013):

„9b. **32014 R 0251**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 251/2014 frá 26. febrúar 2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 (Stjútíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Hlutaðeigandi EFTA-ríkjum skal heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndar um kryddblandaðar vínaforðir, sem vísað er til í 34. gr., þegar fjallað er um málefni sem falla undir gerðir sem um getur í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðisrétt.“

2. Texti 3. liðar (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 251/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 84, 20.3.2014, bls. 14.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.